

**Nd.**

## **627. Breytingartillögur**

við brtt. á þskj. 623 (Fiskveiðasjóður).

Frá Eysteini Jónssyni.

1. Við 2. till. (við 2. gr.). Tillagan orðist þannig:  
Greinin orðist þannig:  
Stofnlánadeildinni skal aflað fjár til útlána:
  - a. Með skylduinnlánnum eigenda nýbyggingarsjóða skv. 5. gr.
  - b. Með útgáfu vaxtabréfa, sem tryggð eru með ábyrgð ríkissjóðs. Skulu þau gefin út í flokkum og innleyst eftir reglum, sem fjármálaráðherra samþykkir. Nánari tilhögun vaxtabréfaútgáfunnar skal fjármálaráðherra ákveða með reglugerð.
  - c. Með sérstökum lántökum gegn ríkisábyrgð hjá öðrum lánsstofnunum, enda annist fjármálaráðuneytið um þær lántökur.  
Lán skv. b- og c-lið mega ekki fara yfir 140 milljónir króna.
2. Við 4. till. (við 4. gr.). Tillagan orðist svo:  
Greinin orðist þannig:  
Ríkissjóður greiði stofnlánadeildinni árlega fjárhæð, sem nemur vaxtahalla deildarinnar.
3. Við 6. till. (við 5. gr.). Tillagan orðist þannig:  
Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkv. því.
4. Við 7. till. (við 6. gr.) Tillagan orðist þannig:  
Greinin falli niður, og greinatalan breytist samkvæmt því.